

Skagafjarðarveitur ehf.

Fundur 60 ? 08.12.2005

Fimmtudaginn 8. desember, árið 2005, kom stjórn Skagafjarðarveitna ehf. saman til fundar kl. 16.30 í húsi Skagafjarðarveitna að Borgarteigi 15, Sauðárkróki.

Mætt voru stjórnarmennirnir: Sigrún Alda Sighvats, Gísli Árnason og Einar Gíslason, Páll Pálsson veitustjóri og Árni Egilsson, sem ritaði fundargerð.

DAGSKRÁ:

1. Gagnaveita Skagafjarðar. Snorri Styrkársson framkv. stj. Fjölnets og Áskell Heiðar sviðstjóri mæta á fundinn.
2. Hækkun hitaveitugjalda.
3. Ákvörðun um álagningu vatnsgjalds fyrir árið 2006.
4. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2006.
5. Bókun samþykktar um lántöku.
6. Staðan í Akrahreppi.
7. Boranir út að austan og að Reykjum í Hjaltadal.
8. Önnur mál.

AFGREIÐSLUR:

Sigrún Alda setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Snorri Styrkársson framkvæmdarstjóri Fjölnets og Áskell Heiðar Ásgeirsson sviðstjóri hjá Sv. Skagafirði gerðu grein fyrir undirbúningi að stofnun Gagnaveitu Skagafjarðar. Kynntu þeir drög að viðskiptaáætlun fyrir Gagnaveituna. - Snorri og Áskell Heiðar yfirgáfu fundinn.
2. Ákveðið að fresta hækkun að sinni en skoða málið aftur fyrir 1. mars 2006.
3. Samþykkt að vatnsgjald verði 0,15% af álagningarstofni fasteignamats. Lágmarksgjald skal vera pr. rúmmetra kr. 24,00 og hámarksgjald pr. rúmmetra kr. 28.00.
4. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2006 rædd og frestað til næsta fundar.
5. Stjórn Skagafjarðarveitna ehf samþykkir að taka lán að upphæð 50 miljónir kr. hjá Lánasjóði sveitarfélaga í lánapakka Sveitarfélagsins Skagafjarðar, vegna hitaveituframkvæmda. Lánið skal endurgreiðast á 17 árum og ber 4.03% fasta vexti auk verðtryggingar. Uppgreiðsla lánsins umfram umsamdar afborganir er óheimil. Lántökugjald er 0,425 %.

6. Páll Pálsson gerði grein fyrir stöðu verksins. Gert er ráð fyrir að gangsetja dælu í borholu í Reykjahól á morgun föstudag og þá verður dælustöð við Grófargil tengd við hana og dælurnar þar stöðvaðar. Enn er gert ráð fyrir að ljúka tengingum frá Flugumýri að Uppsölum í desember, en frost í jörðu er farið að tefja lagningu heimtauga nokkuð.
7. Borun við Reyki í Hjaltadal var lokið 1. desember sl. borað var niður á 1.080m og er þetta dýpsta borhola í Skagafirði. Samkvæmt bráðabirgðaniðurstöðum þá gefur hola af sér 28 sek/l af 61 gráðu heitu vatni. Nú er hafin borun við Kýrholt í Viðvíkursveit, holan er borðuð með 12 gráðu halla og er komin á um 140m dýpi.
8. Önnur mál.
Rætt um starfsmannamál og breytingar á þeim.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19.45

Páll Pálsson

ritari (sign)

Sigrún Alda Sighvats (sign)

Einar Gíslason (sign)

Gísli Árnason (sign)

Mánudaginn 19. desember, árið 2005, kom stjórn Skagafjarðarveitna ehf. saman til fundar kl. 16.30 í húsi Skagafjarðarveitna að Borgarteigi 15, Sauðárkróki.

Mætt voru stjórnarmennirnir: Sigrún Alda Sighvats, Gísli Árnason og Einar Gíslason, Páll Pálsson veitustjóri og Árni Egilsson, sem ritaði fundargerð.

DAGSKRÁ:

1. Fjárhagsáætlun Skagafjarðarveitna ehf. fyrir árið 2006.
2. Staðan framkvæmda.
3. Önnur mál.

AFGREIÐSLUR:

Sigrún Alda setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Páll Pálsson veitustjóri lagði fram fjárhagsáætlun Skagafjarðarveitna ehf. fyrir árið 2006. Tekjur áætlast: 151.540.000.- Gjaldaliður: 125.514.000.-
Handbært fé frá rekstri er 26.026.000.- og fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum 112.426.000.-
Stjórn Skagafjarðarveitna samþykkir áætlunina.

2. Páll Pálsson gerði grein fyrir gangi framkvæmda. Gert er ráð fyrir að skola út stofnlögnina í Akrahreppi á morgun þriðjudag og ef allt gengur skv. áætlun þá verður hægt að hleypa á fyrstu bæina á miðvikudag. Borun við Kýrholt gengur vel, búið er að fódra holuna niður í 250 m. og dýptin á holunni er orðin um 400 m.
3. Önnur mál. Engin.

Flaira ekki gert og fundi slitið kl. 18.50
Árni Egilsson (sign)

Sigrún Alda Sighvatsdóttir (sign)
Einar Gíslason (sign)
Gísli Árnason (sign)